

SAMÞYKKTIR BÆNDASAMTAKA ÍSLANDS

I. kafli. Almenn ákvæði.

1. gr.

Heiti og heimili.

Samtökin heita Bændasamtök Íslands (skammstafað BÍ). Heimili þeirra og varnarþing er á skrifstofu samtakanna í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk og markmið.

Bændasamtök Íslands eru heildarsamtök íslenskra bænda. Þeirra hlutverk er að gæta hagsmuna bændastéttarinnar, móta stefnu í málefnum bænda og landbúnaðarins í heild, að teknu tilliti til umhverfis- og loftlagsmála og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði.

Í samræmi við þetta meginhlutverk greinist starfsemi þeirra í eftirfarandi þætti:

- Þau beita sér fyrir bættum kjörum bænda á öllum sviðum. Fylgjast grannt með afkomu bænda og rekstrarskilyrðum landbúnaðarins og kappkosta með því að tryggja þeim lífskjör í samræmi við aðrar stéttir þjóðfélagsins.
- Þau fara með fyrirvar og samningsumboð framleiðenda búvara skv. búnaðarlögum og búvörulögum og annast samningagerð af hálfu bænda um kjör starfsfólks í landbúnaði. Þau annast ýmis verkefni fyrir ríkisvaldið og aðra aðila sem tengjast hagsmunum bænda og landbúnaði skv. samningum þar um. Annast rekstur dótturfélaga.
- Eru málsvari bændastéttarinnar út á við. Annast samskipti við ríkisvaldið, hliðstæð samtök erlendis og aðra aðila sem máli skipta gagnvart hagsmunum bænda og landbúnaðar.
- Þau veita umsagnir um lagafrumvörp sem snerta landbúnaðinn og bændastéttina og beita sér fyrir nýmælum í löggjöf og breytingum á eldri lögum til framfara.
- Þau miðla upplýsingum til félagsmanna og sinna faglegri fræðslu í þágu landbúnaðarins í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

3. gr.

Aðild.

Aðild að samtökunum geta átt:

- Fulla aðild að BÍ geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar sem þess óska og stunda landbúnað í atvinnuskyni eða vegna eigin nota. Aðild samkvæmt þessum staflað veitir full réttindi fyrir tvo skráða einstaklinga. Skrá þarf félagsaðild beggja aðila svo þeir njóti fullra réttinda. Skrá skal a.m.k. einn einstakling með fulla aðild sem forsvarsmann lögaðila.

- b. Full aðild skal einnig heimil þeim sem sannarlega standa að búrekstrinum umfram tvo einstaklinga, sbr. staflað a. Skrá þarf félagsaðild svo aðili njóti fullra réttinda.
- c. Félög og fyrirtæki sem starfa í landbúnaði, skv. 4. gr.
- d. Hollvinaaðild að BÍ geta átt lögaðilar og þeir einstaklingar, 18 ára og eldri, sem búsettir eru á Íslandi og styðja markmið samtakanna.

Félagsmenn samkvæmt staflaðum a) og b) skulu skrá sig í deildir búgreina. Félagsmenn skrá veltu síns búrekstrar og gera grein fyrir veltu eftir búgrein. Aðeins þeir sem ekki skulda gjaldfallin félagsgjöld eða samið hafa um greiðslu þeirra njóta réttinda sem félagsmenn. Full félagsaðild skv. staflaðum a) og b) veitir réttindi að sjóðum BÍ og rétt til þess að geta gegnt trúnaðarstörfum fyrir BÍ. Starfsmenn BÍ geta einnig gegnt trúnaðarstörfum fyrir samtökin.

Hollvinaaðild skv. d) lið getur aðeins veitt rétt til áheyrnar á Búgreinapíngi og/eða Búnaðarpíngi.

Stjórn BÍ hefur heimild til að víkja félagsmönnum úr samtökunum sem hafa ítrekað eða með stórfelldum hætti í búrekstri sínum gerst brotlegir gegn samþykktum þessum, löggjöf sem snýr að því að tryggja velferð dýra og manna, svo sem lögum um dýravelferð, lögum um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, kjarasamningum og öðrum reglum eftir því sem við á.

4. gr.

Aðildarfélög.

Stjórn BÍ metur umsóknir nýrra aðildarfélaga skv. c-lið 1. mgr. 3. gr. og gerir tillögu til Búnaðarpíngs um afgreiðslu þeirra. Ekki skal veita félagi aðild ef annað félag er þegar aðili sem telja má að starfi á sama svæði eða á sama málefnasviði, nema sérstök rök hnígi til þess.

Búnaðarpíng skal staðfesta aðild og samþykktir nýrra aðildarfélaga með minnst 2/3 hlutum atkvæða þingfulltrúa.

Um úrsagnir aðildarfélaga úr samtökunum fer eftir samþykktum hlutaðeigandi félags. Tilkynna skal úrsögn skriflega til skrifstofu BÍ með minnst sex mánaða fyrirvara. Búnaðarpíng getur með minnst 2/3 hlutum atkvæða þingfulltrúa vikið aðildarfélagi úr BÍ ef starfsemi þeirra er ekki í samræmi við samþykktir þessar eða ef það þykir óhjákvæmilegt af öðrum ástæðum.

5. gr.

Félagsgjöld, fjárhagsáætlun og endurskoðun.

Tekjur BÍ eru:

1. Tekjur af félags- og sjóðagjöldum.
2. Arður af eignum.
3. Þjónustugjöld og annað eigið aflafé.

4. Framlög af fjárlögum til starfsemi sem samtökunum er falin með lögum eða með stjórnvaldsfyrirmælum sem stoð hafa í lögum.

Stjórn BÍ leggur árlega fram tillögur að félags- og sjóðagjöldum fyrir Búnaðarþing til staðfestingar. Heimilt er að innheimta félagsgjöld með föstu gjaldi, þrepaskiptu gjaldi miðað við veltu eða veltutengdu gjaldi með eða án lágmarks og hámarksgjalds.

Fjárhagsáætlun hvers ár skal unnin af stjórn BÍ og liggja fyrir 1. nóvember. Hún skal taka mið af þriggja ára fjárhagsáætlun sem samþykkt hefur verið á Búnaðarþingi.

Stjórn skal gefa út gjaldskrá samtakanna árlega. Í henni skal tilgreina helstu þjónustupætti sem félagsmönnum og öðrum standa til boða, ásamt verði þeirra til félaga í BÍ og annarra.

Ef BÍ tekur að sér verkefni sem greitt er fyrir að hluta eða öllu leyti af opinberu fé, skulu þau skýrt afmörkuð í skipulagi samtakanna og hafa sérgreindan fjárhag.

Reikningsár samtakanna er almanaksárið. Löggildur endurskoðandi skal framkvæma venjubundna endurskoðun og skoðunarmaður skal auk þeirrar endurskoðunar sem talin er nauðsynleg, kynna sér starfsemi samtakanna og gera sérstaklega grein fyrir þeim frávikum er kunna að verða frá fjárhagsáætlun. Stjórn BÍ og starfsmönnum þeirra er skylt að veita áður nefndum aðilum aðgang að gögnum, skjölum og upplýsingum sem nauðsynlegt er svo þeir geti sinnt starfi sínu.

II. kafli. Stjórn og starfsemi.

6. gr.

Stjórnskipan Bændasamtaka Íslands

Búnaðarþing fer með æðsta vald í öllum málefnum samtakanna. Búgreinaþing kýs fulltrúa til setu á Búnaðarþingi. Aðildarfélög kjósa fulltrúa á sínum aðalfundum. Á milli Búnaðarþinga fer stjórn Bændasamtaka Íslands með málefni samtakanna í samræmi við samþykktir þessar og samþykktar starfsreglur stjórnar. Framkvæmdastjóri stýrir daglegri starfsemi félagsins og fer með stjórnun skrifstofu BÍ. Búgreinarráð er stjórn BÍ og framkvæmdastjóra til stuðnings og ráðgjafar.

7. gr.

Hlutverk og störf stjórnar.

Stjórn BÍ fer með málefni samtakanna milli Búnaðarþinga og fylgir ályktunum þingsins eftir. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Ennfremur skipar stjórnin fulltrúa BÍ til trúnaðarstarfa fyrir samtökin eftir því sem lög, reglur og samningar segja til um. Ef um er að ræða mikilsverðar ákvarðanir í kjaramálum eða öðrum hagsmunamálum bændastéttarinnar er stjórn heimilt að leita eftir afstöðu búnaðarþingsfulltrúa eða félagsmanna með atkvæðagreiðslu.

Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft sem þörf krefur. Í fjarveru stjórnarmanns skal boða varamann. Formaður skal boða til stjórnarfunda. Ef þrír stjórnarmenn krefjast þess að fundur fari fram þá skal boða fund. Meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum

stjórnar. Atkvæði formanns ræður niðurstöðu ef atkvæði falla jafnt. Stjórnarfundir teljast lögmætir til hvers konar ákvarðanatöku ef til stjórnarfundar er boðað með a.m.k. tveggja daga fyrirvara og a.m.k. 4 stjórnarmenn eða varamenn þeirra eru viðstaddir fund. Stjórn er heimilt að halda fundi með aðstoð fjarfundabúnaðar.

Formaður stýrir fundum stjórnar og er málsvari samtakanna út á við, nema stjórn ákveði að fela öðrum stjórnarmönnum, fulltrúa búgreinadeildar eða starfsmönnum það hlutverk í sérstökum tilvikum. Í forföllum formanns kemur varaformaður fram fyrir hönd samtakanna. Stjórnin heldur gjörðabók er fundarmenn undirrita.

8. gr.

Framkvæmdastjórn.

Framkvæmdastjóri BÍ er prókúruhafi samtakanna og annast daglega yfirstjórn þeirra í samræmi við ákvarðanir stjórnar.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk samtakanna í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun hverju sinni. Stjórn BÍ skal að öðru leyti ráða skipulagi á starfsemi þeirra, að höfðu samráði við framkvæmdastjóra.

9. gr.

Samráð og verkaskipting.

Stjórnir aðildarféлага skulu vera stjórn BÍ til aðstoðar um allt það er að samtökunum lýtur og sinna þeim verkefnum er hún kann að fela þeim. Skal jafnan leitast við að verkaskipting sé sem skýrust milli BÍ og einstakra aðildarféлага og dótturféлага þannig að saman fari ábyrgð og forræði á þeim málaflokkum sem undir hvorn aðila heyra.

Stjórn BÍ skal halda úti samráðshóp með búnaðarsamböndunum. Í samráðshópnum skal stjórn BÍ sitja auk fulltrúa allra starfandi búnaðarsambanda. Samráðshópurinn skal funda a.m.k. tvisvar sinnum á ári.

BÍ skal gæta þess að halda góðum tengslum við félagsmenn sína og þau félag sem aðild eiga að samtökunum, m.a. með því að trúnaðarmenn BÍ sitji aðalfundi þeirra. Þá skal boða til almennra bændafunda í samráði við aðildarfélög, eða eftir því sem þau telja þörf á. Stjórn BÍ er heimilt að gera þjónustusamninga við félag og félagasamtök sem á einhvern hátt tengjast landbúnaði.

III. kafli. Búgreinadeildir.

10. gr.

Störf búgreinadeilda.

Innan BÍ starfa búgreinadeildir einstakra búgreina og er einn starfsmaður samtakanna jafnframt tengiliður við hverja deild.

Stjórnir deilda ásamt formanni eru kjörnar á Búgreinapingi viðkomandi búgreinar til eins árs í senn, eða samkvæmt samþykktum búgreinadeildar. Stjórnir deilda fara með þau

málefni sem snúa að viðkomandi búgrein í samræmi við stefnu BÍ. Ákvarðanir er gætu varðað hagsmuni annarra búgreina ber að hafa samráð um við stjórn BÍ.

Búgreinadeild skal uppfylla annað tveggja skilyrða um a) fjölda félagsmanna eða b) lágmarksveltu búgreinar, sem ákveðin eru á Búnaðarþingi skv. tillögu stjórnar BÍ.

11. gr.

Búgreinaráð.

Formenn stjórnna búgreinadeilda sitja í búgreinaráði sem er stjórn BÍ til stuðnings, aðhalds og ráðgjafar. Búgreinaráð skal funda eins oft og þurfa þykir með stjórn BÍ eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

IV. kafli. Búgreinaþing.

12. gr.

Búgreinaþing

Búgreinaþing hverrar búgreinadeildar skal haldið árlega, eigi síðar en fjórum vikum fyrir Búnaðarþing. Stjórn deildar, í samráði við stjórn og framkvæmdastjóra BÍ, boðar til Búgreinaþings, með a.m.k. 30 daga fyrirvara. Heimilt er að halda Búgreinaþing með aðstoð fjarfundabúnaðar.

Við upphaf Búgreinaþings skal formaður Bændasamtakanna kynna fyrir Búgreinaþingi skýrslu stjórnar BÍ fyrir starfsárið ásamt helstu rekstrar niðurstöðum.

Hver Búgreinadeild skal ákvarða í samþykktum/reglum viðkomandi deildar hvernig farið er með atkvæðarétt og kjörgengi félagsmanna á Búgreinaþingi sinnar deildar. Í samþykktum/reglum skal m.a. koma fram hvernig boða skal til fundar, kjör og hlutverk stjórnar, kjör eða tilnefningu fulltrúa á Búnaðarþing og hvernig fer með atkvæðisrétt og kjörgengi félagsmanna.

Mál sem taka á fyrir á þinginu skulu berast stjórn deildar eigi síðar en þremur vikum fyrir þingsetningu. Búgreinaþing getur samþykkt að taka fyrir mál sem síðar koma fram í samræmi við samþykktir/reglur búgreinadeildar. Stjórn deildar getur með rökstuðningi endursent mál til frekari úrvinnslu. Miða skal við að fundargögn berist fulltrúum eigi síðar en tveimur vikum fyrir setningu þingsins.

Fullgildir félagsmenn BÍ innan hverrar búgreinadeildar skulu hafa rétt til fundarsetu, og kjörgengi á Búgreinaþingi sinnar deildar, nema samþykktir/reglur búgreinadeildar tiltaki annað fyrirkomulag. Stjórn BÍ og starfsfólk hefur einnig málfrelsi og tillögurétt á þinginu.

Kjörnir fulltrúar á Búgreinaþingi, hafa einir atkvæðisrétt.

Fjöldmennari búgreinadeildir ákvarða fjölda fulltrúa sinnar deildar, sem sitja Búgreinaþing með tillögu- og atkvæðisrétt. Tryggja skal landfræðilega dreifingu þeirra. Stjórnir deilda búgreina eru ábyrgar fyrir að kosningu búnaðarþingsfulltrúa fari fram á tilsettum tíma.

Aukabúgreinaþing skal halda þegar stjórn deildar telur nauðsynlegt eða þegar 1/3 félagsmanna innan deildarinnar krefjast þess skriflega eða í samræmi við samþykktir/reglur búgreinadeildar, enda hafi þeir tilkynnt í hvaða tilgangi hans er krafist. Skal fundur haldinn eigi síðar en mánuði eftir að krafan berst stjórn deildar í hendur og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara á sannanlegan hátt.

V. kafli. Búnaðarþing.

13. gr.

Búnaðarþing

Búnaðarþing er árlegur aðalfundur BÍ og fer með æðsta vald í öllum málefnum samtakanna. Það skal halda eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Allir fullgildir félagsmenn BÍ skulu hafa rétt til fundarsetu og kjörgengi á Búnaðarþingi.

Stjórn BÍ boðar til Búnaðarþings með minnst tveggja mánaða fyrirvara og ákveður þingstað og tímasetningu. Miða skal við að fundargögn berist fulltrúum eigi síðar en viku fyrir setningu þings. Heimilt er að halda Búnaðarþing með aðstoð fjarfundabúnaðar.

Búgreinadeildir og aðildarfélög geta sent mál sem snerta landbúnaðinn í heild til umfjöllunar á þinginu. Stjórn BÍ tekur ákvörðun um hvort mál sem varða málefni einstakrar búgreinar skuli tekin fyrir á þinginu. Mál skulu berast stjórn BÍ tveimur vikum fyrir þingsetningu. Stjórn BÍ er heimilt að víkja frá þessum fresti og er jafnframt heimilt að endursenda mál til frekari úrvinnslu. Hlutaðeigandi skal hafa viku frest til að gera úrbætur. Búnaðarþing getur samþykkt að taka fyrir mál sem síðar koma fram.

Aukabúnaðarþing skal halda þegar stjórn BÍ telur nauðsynlegt. Skylt er að kalla saman aukarþing ef að minnsta kosti helmingur þingfulltrúa óskar þess. Stjórn BÍ skal boða til aukarþings með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Kjósa skal einn skoðunarmann reikninga til tveggja ára og annan til vara. Kjósa skal löggildan endurskoðanda til tveggja ára í senn.

14. gr.

Fulltrúar á Búnaðarþingi

Fulltrúar á Búnaðarþingi eru 63 og hafa einir atkvæðisrétt á þinginu, eitt atkvæði hver. Fulltrúar búgreinadeilda eru samtals 54. Fjöldi fulltrúa skiptist milli búgreina þannig að hver deild hefur að lágmarki 1 fulltrúa en eftir það ræðst fjöldi fulltrúa af hlutfalli veltu greinarinnar í félagsgjöldum og fjölda félagsmanna, velta greinarinnar hefur helmings vægi á móti fjölda félagsmanna. Vægi fjölda félagsmanna í hverri búgrein skal vigtað út frá hlutfalli skráðrar veltu hvers félagsmanns í viðkomandi búgrein, þannig að hver félagsmaður getur einungis talist samtals einu sinni.

Búnaðarsambönd fá samtals sex fulltrúa eftir ákveðinni landshlutabundinni skiptingu:

Bsb. Kjalarnesþings, Bst. Vesturlands, Bsb. Vestfjarða tilnefna einn fulltrúa.

Bsb. Húnaþings og Stranda, Bsb. Skagfirðinga tilnefna einn fulltrúa.

Bsb. Eyjafjarðar, Bsb. S-Þingeyinga, Bsb. N- Þingeyinga tilnefna einn fulltrúa.

Bsb. Austurlands tilnefnir einn fulltrúa.

Bsb. A-Skaftafellssýslu, auk svæðis Bsb. Suðurlands að Jökulsá á Sólheimasandi tilnefna einn fulltrúa.

Bsb. Suðurlands frá Jökulsá á Sólheimasandi að svæði Bsb. Kjalarnesþings tilefna einn fulltrúa.

Önnur aðildarfélög tilnefna einn fulltrúa hvert:

Samtök ungra bænda.

Beint frá býli.

VOR Vernd og ræktun – félag framleiðenda í lífrænum búskap.

Jafnmargir varafulltrúar skulu kjörnir með sama hætti. Sami aðili getur ekki verið aðal- eða varafulltrúi fyrir nema eina búgreinadeild eða aðildarfélag á þinginu.

Stjórnir búgreinadeilda og aðildarféлага skulu tilkynna stjórn BÍ hverjir séu réttkjörnir þingfulltrúar af þeirra hálfu eigi síðar en tveimur vikum fyrir Búnaðarþing. Kæra út af kosningu þingfulltrúa skal berast stjórn BÍ eigi síðar en viku fyrir þingsetningu.

Auk kjörinna fulltrúa búgreinadeilda og aðildarféлага eiga sæti á þinginu; stjórn BÍ, kosinn endurskoðandi og skoðunarmaður reikninga og þeir starfsmenn samtakanna er stjórnin ákveður. Kjörnir fulltrúar hafa einir atkvæðisrétt, en aðrir sem rétt eiga til setu á þinginu hafa málfrelsi og tillögurétt í þeim málum er snerta starfssvið þeirra sérstaklega. Um atkvæði og kosningar á fundinum fer eftir þingsköpum Búnaðarþings og ræður afl atkvæða úrslitum við atkvæðagreiðslu, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum þessum eða þingsköpum Búnaðarþings.

Hvert aðildarfélag ber sjálft allan kostnað af fulltrúum sínum á Búnaðarþing.

BÍ greiðir ferðakostnað á Búnaðarþing vegna fulltrúa sem kjörnir eru á Búgreinaþingi, stjórn skal taka afstöðu til þess fyrir Búnaðarþing hvort komið verði til móts við frekari kostnað fulltrúa.

15. gr.

Dagskrá Búnaðarþings

Á Búnaðarþingi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir eða lögð fram:

- a. Þingsetning og ræða formanns.
- b. Álit kjörbréfanefndar.
- c. Kosning forseta þingsins og tveggja til vara.
- d. Kosning tveggja ritara og tveggja skrifara.
- e. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- f. Reikningar samtakanna næstliðið reikningsár, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og kjörnum skoðunarmönnum og samþykktir af stjórn samtakanna, fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár og drög að fjárhagsáætlun næstu þriggja ára.
- g. Skýrsla um starfsemi samtakanna fyrir næstliðið ár og starfsáætlun samtakanna fyrir yfirstandandi ár.

- h. Stefnunótun samtakanna.
- i. Samþykkt launa stjórnar.
- j. Mál sem lögð hafa verið fram.
- k. Breytingar á samþykktum.
- l. Kosningar til stjórnar og annarra trúnaðarmanna.
- m. Önnur mál.

Stjórn BÍ ræður þinginu skrifstofustjóra úr hópi starfsmanna þeirra, sem skal stýra þinginu í samræmi við samþykktir þessar og þingsköp Búnaðarþings. Skrifstofustjóri þingsins er forseta til aðstoðar við þinghaldið. Hann annast m.a. skráningu þingskjala, umsjón með skrifstofuvinnu vegna þinghaldsins, útgáfu og dreifingu þingskjala. Þá skal hann í samráði við stjórn hlutast til um nauðsynlega gagnasöfnun vegna afgreiðslu þeirra mála er berast á tilsettum tíma fyrir þingsetningu.

16. gr.

Kosning formanns

Í stjórn BÍ sitja sjö félagsmenn, sex stjórnarmenn kosnir á Búnaðarþingi og formaður stjórnar.

Formaður er kosinn á tveggja ára fresti, til tveggja ára í senn, með rafrænni kosningu meðal allra félagsmanna. Framboð til formanns skal liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum fyrir Búnaðarþing og skal kosning eiga sér stað á 2 sólarhringa tímabili sem skal lokið eigi síðar en 1 viku fyrir Búnaðarþing. Niðurstaða formannskosningar skal liggja fyrir eins fljótt og auðið er í kjölfar kosninga. Nýr formaður tekur til starfa ásamt nýrri stjórn að loknu Búnaðarþingi.

Nái enginn frambjóðenda til formanns kosningu með 50% greiddra atkvæða eða meira, skal kosið aftur rafrænni kosningu meðal allra félagsmanna um þá tvo frambjóðendur sem flest atkvæði hlutu. Sé einungis einn frambjóðandi til formanns þegar frestur til framboðs rennur út, telst hann sjálfkjörinn.

Ef að formaður hættir störfum á tímabilinu, skal varaformaður sitja sem formaður fram að næsta Búnaðarþingi. Þá skal kjósa nýjan formann fyrir næsta Búnaðarþing eftir að hann hefur látið af störfum, skal formaður kjörinn til eins árs ef meira en eitt ár er eftir af kjörtímabili fráfarandi formanns.

17. gr.

Kosning stjórnar

Sex stjórnarmenn eru kosnir á Búnaðarþingi á tveggja ára fresti, til tveggja ára í senn. Náist ekki niðurstaða í einni umferð í kosningu, skal kosið aftur bundinni kosningu á milli þeirra sem jafnir eru. Ef jafnt verður að nýju skal hlutkesti varpað um hver eða hverjir eru rétt kjörnir stjórnarmenn.

Að loknu kjöri aðalmanna skal kjósa 5 varamenn í stjórn til tveggja ára í senn. Sá sem flest atkvæði hlýtur er fyrsti varamaður og svo koll af kolli. Láti aðalmaður stjórnar af störfum á kjörtímabili af einhverjum ástæðum, tekur næsti varamaður við stjórnarsetu hans þangað til kjörtímabili stjórnar lýkur og skal kjörinn nýr varamaður í stjórn í hans stað á næsta Búnaðarþingi.

Framboð til stjórnarsetu í samtökunum skal tilkynnt stjórn og skal liggja fyrir að minnsta kosti tveimur vikum fyrir Búnaðarþing. Ef það kemur ekki fram nægur fjöldi framboða áður en framboðsfrestir eru liðnir, er heimilt að bjóða sig fram til stjórnar á Búnaðarþingi.

Stjórn skal kjósa sér varaformann.

18. gr.

Uppstillingarnefnd, aukinn framboðsfrestur

Komi ekki fram nægur fjöldi framboða til stjórnar eða varastjórnar innan þess frests sem áskilinn er í samþykktum þessum eða ef ekki kemur fram framboð frá öllum helstu geirum landbúnaðarins að teknu tilliti til landfræðilegrar dreifingar og jafnra kynjahlutfalla í stjórn, þá er stjórn BÍ heimilt að framlengja framboðsfrest um eina viku. Á hinum aukna framboðsfresti skal Uppstillingarnefnd tryggja eftir fremsta megni framboð til stjórnar úr öllum helstu geirum landbúnaðarins sem taki tillit til landfræðilegrar dreifingar og kynjahlutfalla.

Uppstillingarnefnd starfar milli Búnaðarþinga og skal skipuð þremur fulltrúum kjörnum á Búnaðarþingi á tveggja ára fresti, til tveggja ára í senn. Í uppstillingarnefnd skal kjósa formann, auk tveggja fulltrúa. Uppstillingarnefnd starfar skv. starfsreglum sem staðfestar eru á Búnaðarþingi.

19. gr.

Kjörbréfanefnd

Kjörbréfanefnd er kosin á Búnaðarþingi og starfar milli þinga, kjörbréfanefnd skal skipuð þremur fulltrúum. Kjörbréfanefnd skal fara yfir kjörbréf fulltrúa og leggja niðurstöðu sína til afgreiðslu fyrir Búnaðarþing í upphafi fundar.

VI. kafli. Önnur ákvæði.

20. gr.

Búnaðarþing skal setja sér sérstök þingsköp. Þingsköp Búgreinaþings skulu staðfest á Búnaðarþingi.

21. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á Búnaðarþingi og þarf til þess samþykki a.m.k. 2/3 hluta þingfulltrúa.

